

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



ÁRSSKÝRSLA Á AÐALFUNDI 3. NÓVEMBER 2017

YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMTAKANNA 2014 – 2017



## Efnisyfirlit

Formáli .....	5
SSH – Stjórn – fulltrúaráð - skrifstofa – rekstur .....	6
40 ár – þrískipt tilvera .....	7
Stjórn – fulltrúaráð – skrifstofa og starfsmenn .....	8
Rekstur SSH .....	9
Verkefni SSH 2014 – 2017 .....	11
Samantekt - Fjölbreytt verkefnaflóra .....	11
Skipulag og samgöngur .....	11
Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins .....	11
Rekstur byggðasamlaga og skíðasvæða .....	11
Ferðaþjónusta fatlaðs fólks .....	11
Þverfaglegt samstarf; Samstarfshópar og nefndir .....	11
Framvinda frá 2014 .....	12
Skipulag og samgöngur .....	12
Byggðaðróun og húsnæðismál .....	13
Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins .....	14
Byggðasamlögin .....	16
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins .....	17
Ferðaþjónusta fatlaðs fólks .....	18
Samstarfs- og verkefnahópar .....	19



## Formáli

Ársskýrslu þessari sem er lögð fram á aðalfundi SSH 2017 er ætlað að gefa yfirsýn yfir meginþætti í starfi samtakanna á liðnu starfsári, en að auki er horft yfir kjörtímabilið sem nú er senn á enda og dregið saman yfirlit yfir verkefni sem hafa verið á borði stjórnar samtakanna frá síðustu sveitarstjórnarkosningum.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru pólitískur samstarfsvettvangur sveitarfélaganna sjö sem starfa innan samtakanna, Sem slík hafa samtökin þjónað sem mikilvægur og oft nauðsynlegur vettvangur til umfjöllunar um mikilvæg samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, sameiginleg verndun neysluvatns íbúa höfuðborgarsvæðisins, almenningssamgöngur og samgöngumál innan höfuðborgarsvæðisins, sameiginleg meðhöndlun og förgun úrgangs og sameiginleg ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk eru dæmi um stór verkefni sem sveitarfélögin hafa tekist á við sameiginlega á kjörtímabilinu. Þessi verkefni hafa kallað á, samráð og sameiginlegar ákvarðanir á vettvangi SSH.

Rekstur byggðasamlaganna Strætó bs. og SHS bs. var talsvert í brennidepli, m.a. vegna vinnu við sérstaka rekstrarúttekt í því skyni að leiða fram möguleika og tækifæri til meiri hagkvæmni í rekstri þeirra.

Framundan eru frekari áskoranir og mikilvæg verkefni sem áfram kalla á samstarf sveitarfélaganna á vettvangi SSH. Vinna stendur nú yfir í samstarfi SSH, Vegagerðarinnar og samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins við greiningu á þörf fyrir frekari uppbyggingu og styrkingu stofnæða umferðar á höfuðborgarsvæðinu, eflingu almenningssamgangna með undirbúningi að innleiðingu nýs hágæða almenningssamgangakerfis (Borgarlínan) og yfirsandandi viðræður SSH við ríkisvaldið um aðkomu að þessum verkefnum.

Þá er vert að benda á stór viðfangsefni á vettvangi byggðasamlaganna Strætó bs. og Sorpu bs., annars vegar aðlögun á rekstri og leiðakerfi Strætó bs. að þeim breytingum sem verða á komandi árum með tilkomu Borgarlínunnar, sem og þær breytingar sem framundan eru við meðhöndlun og förgun úrgangs með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu bs. innan tíðar, sem og mögulega auknu samstarfi og verkaskiptingu sorpsamlaga á suðvesturhorninu á komandi árum.

Frá árinu 2013 hefur SSH unnið að verkefnum sem tengjast “sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins” undir hatti sóknaráætlana landshluta og notið til þess sérstakra fjárveitinga úr ríkissjóði. Þessi verkefni, sem gerð er sérstök grein fyrir í skýrslunni eiga sér beina skírskotun í þá framtíðarsýn og leiðarljós sem sett hafa verið í nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Á heimasíðu SSH er að finna ítarlegar upplýsingar um hluta þeirra verkefna sem hafa verið unnin á vegum samtakanna að undanfögnu. Þar er m.a. að finna ítarlegar og gagnvirkar upplýsingar um tölfærði höfuðborgarsvæðisins. Sá þáttur er í sífellndri mótun. Í umsjón SSH er einnig sérstakt vefsvæði undir heitinu “Location Reykjavík Capital Area”, vefslóð: [www.investinreykjavik.com](http://www.investinreykjavik.com), sem ætlað er til upplýsingagjafar fyrir erlenda aðila um höfuðborgarsvæðið sem staðsetningarkost.

Stjórn SSH hélt 12 reglulega stjórnarfundi á starfsárinu og að auki voru haldnir 4 formlegir eigendafundir byggðasamlaganna Strætó bs. og Sorpu bs.

Kópavogi 3. nóvember 2017

f.h. stjórnar SSH

Ármann Kr. Ólafsson  
stjórnarformaður

## SSH – Stjórn – fulltrúaráð - skrifstofa – rekstur

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru stofnuð í Hlégarði, Mosfellshreppi í apríl 1976.

Upphaflegur tilgangur að stofnun samtakanna var að móta formlegan vettvang til sameiginlegrar umræðu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um skipulagsmál.

Samtökin fengu síðan 7 árum eftir stofnun þeirra formlega stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga og hafa síðan starfað á grundvelli ákvæða í sveitarstjórnarlögum um landshlutasamtök sveitarfélaga.

Markmið samtakanna er:

*„að vera vettvangur samráðs og samstarfs aðildarsveitarfélaganna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og vera sameiginlegur málsvari þeirra.*

*að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.*

*að vinna að framþróun til hagsældar fyrir íbúa svæðisins.*

*SSH skal hafa frumkvæði að vöktun, greiningu, umræðu og kynningu á málum sem líkleg eru til að stuðla að framgangi ofangreindra markmiða. Með sama hætti skal SSH fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnarmála jafnt innanlands sem erlendis og miðla þeim til aðildarsveitarfélaganna.*

*SSH skal standa fyrir reglubundnu samráði við ríkisvaldið, ráðuneyti og stofnanir um málefni er varða hag sveitarfélaganna og vinna með þeim hætti að framþróun og hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.*

*SSH er sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna til að fjalla um rekstur þeirra byggðasamlaga sem sveitarfélögin reka sameiginlega hverju sinni, og sama gildir um önnur hliðstæð verkefni á vegum aðildarsveitarfélaganna s.s. svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Nánar verði kveðið á um hlutverk stjórnar SSH og fulltrúaráðs SSH í eigendastefnu byggðasamlaganna.“*

## 40 ár – Þrískipt tilvera

Á þeim liðlega 40 árum sem liðin eru frá stofnun SSH hefur starf samtakanna, stjórnun, áherslur og verkefni tekið breytingum í samræmi við þær þarfir, viðhorf og sjónarmið sem verið hafa uppi á hverjum tíma um samstarf sveitarfélaganna.

### 1976 - 1988

Skipulagsmál og tengd viðfangsefni, umferðar og samgöngumál, holræsamál, rekstur skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins, gerð fyrsta svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið. Fulltrúakjörin stjórn og sérstök stjórn yfir Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins. Nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið var staðfest og gefið út 1986 og í kjölfar þess var tekin ákvörðun um að leggja starfsemi skipulagsstofunnar niður og móta nýjar áherslur fyrir samstarfið.

### 1988 - 2002

“Hefðbundin” starfsemi landshlutasamtaka með 11-12 manna fulltrúakjörinni stjórn – hagsmunagæsla út á við (umfjöllun og umsagnir um lagafrumvörp), breið flóra samstarfsverkefna, málþing, ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins, höfuðborgargirðing, stofnun Almenningsvagna bs., eyðing vargfugls, ferðapjónusta fatlaðra, ný vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið o.fl. Umsjón með rekstri ferðapjónustu fyrir fatlað fólk. Þessu tímabili lauk með fjárhagslegum þrengingum, einkum vegna ferðapjónustunnar og nauðsyn á fjárhagslegri endurskipulagningu ásamt stefnumótun og framtíðarsýn á fyrirkomulag samstarfs sveitarfélaganna á vettvangi SSH. Samhliða var Strætó bs. falið að annast rekstur ferðapjónustu fyrir fatlað fólk innan Reykjavíkur.

### 2002 -

Tímabilinu frá 2002 til dagsins í dag má skipta í tvennt. Eftir þá rekstrarörðugleika sem upp komu í lok síðust aldar og tiltekna tilvistarkreppu sem komin var í samstarf á grundvelli þáverandi fyrirkomulags var mótuð gjörbreytt áhersla, framkvæmdastjórn sveitarfélaganna mynduðu stjórn samtakanna og megináhersla var sett á á innri málefni sveitarfélaganna. Fyrri hluti tímabilsins einkenndist mjög af þeim skorðum sem setja þurfti starfseminni meðan unnið var að fjárhagslegri endurreisn og þeirri staðreynd að vaxandi góðæri fram til ársins 2008 dró úr vilja til samstarfs sveitarfélaganna.

Síðari hluti þessa tímabils, frá 2008 til dagsins í dag hefur einkennst að öflugu samstarfi og samvinnu sveitarfélaganna sem hófst með vinnu á vettvangi SSH við samstillingu á viðbrögðum við afleiðingu efnahagshruns 2008. Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2010 var ákveðið að blása til sóknar og leita allra leiða til af ná fram betri árangri í rekstri sveitarfélaganna með auknu samstarfi og samvinnu. Upphaf þeirrar vegferðar var Hugmyndasmiðja SSH á árinu 2011. Í kjölfarið fylgdi aukinn áhugi og skilningur á mikilvægi samstarfs sveitarfélaganna sem m.a. leiddi til aukinna verkefna og viðfagnsefni á vettvangi SSH. Starfsemi SSH í dag endurspeglar þau viðhorf um samstarf og samvinnu sem vöknúðu með þessari vegferð.

## Stjórn – fulltrúaráð – skrifstofa og starfsmenn

### Stjórn SSH:

Ármann Kr. Ólafsson, bærarstjóri Kópavogs ( formaður stjórnar 2016-2018)  
Ásgerður Halldórsdóttir, bærarstjóri Seltjarnarness  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur ( formaður stjórnar 2014-2016)  
Guðný Ívarsdóttir, sveitarstjóri Kjósarhrepps  
Gunnar Einarsson, bærarstjóri Garðabæjar  
Haraldur Líndal Haraldsson, bærarstjóri Hafnarfjarðar  
Haraldur Sverrisson, bærarstjóri Mosfellsbæjar

### Fulltrúaráð:

#### Garðabær

Halldór J. Jörgensson	Jóna Sæmundsdóttir
Sigríður Hulda Jónsdóttir	Sigurður Guðmundsson

#### Hafnarfjarðarkaupstaður

Adda María Jóhannsdóttir	Einar Birkir Einarsson
Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir	Guðlaug Kristjánsdóttir
Helga Ingólfsdóttir	

#### Kjósarhreppur

Sigríður Klara Árnadóttir	Sigurður Ásgeirsson
---------------------------	---------------------

#### Kópavogsbær

Birkir Jón Jónsson	Guðmundur G. Geirdal
Karen E. Halldórsdóttir	Ólafur Þór Gunnarsson
Sverrir Óskarsson	

#### Mosfellsbær

Bjarki Bjarnason	Bryndís Haraldsdóttir
Anna Sigríður Guðnadóttir	

#### Reykjavíkurborg

Elsa H. Yeoman	Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir
Halldór Halldórsson	Heiða Björg Hilmisdóttir
Hjálmar Sveinsson	Líf Magneudóttir
S. Björn Blöndal	Skúli Helgason
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir	

#### Seltjarnarnesbær

Bjarni Torfi Álfþórsson	Margrét Lind Ólafsdóttir
-------------------------	--------------------------

### Skrifstofa SSH, starfsmenn:

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri  
Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri  
Sandra Björgvinsdóttir, skrifstofuumsjón



## Rekstur SSH

Rekstur SSH er fjármagnaður með tvennum hætti:

- a) Samtökin fá árlega framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem leggur hverjum landshlutasamtökum sveitarfélaga til árlegt framlag sem ætlað er til að standa undir kostnaði við tiltekna kjarnastarfsemi. Miðað hefur verið við að þetta framlag geti staðið undir rekstri launum framkvæmdastjóra og almennum skrifstofukostnaði. Árlegt framlag jöfnunarsjóðs hefur verið um 75% af ráðstöfunartekjum SSH.
- b) Árgjald frá aðildarsveitarfélögum sem ákvarðað er á aðalfundi samtakanna árlega. Á árinu 2017 var árgjaldið 45 kr. á hvern íbúa.

Starfs- og fjárhagsáætlanir SSH hafa miðast við að kostnaður vegna reksturs skrifstofu rúmist innan framlags Jöfnunarsjóðs, og að árgjald aðildarsveitarfélaganna geti mætt tilfallandi verkefnakostnaði. Árlega fer þó ákveðinn hluti verkefnafjár í viðhald og endurbætur á „höfuðborgargirðingunni“

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er vistað hjá SSH skv. samningi aðildarsveitarfélaganna þar um. Sveitarfélögin greiða sérstaklega kostnað vegna þessa, þ.e. laun svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar, hlutdeild í rekstri skrifstofu SSH auk sérgreinds verkefnaframlags vegna tilfallandi verkefna sem tengjast rekstri svæðisskipulagsins.

SSH hefur að auki verið falin verkefnaleg og fjárhagsleg umsjón margvíslegra verkefna sem ekki rúmast innan almenns verkefnaframlags sbr. b) lið hér að ofan. Í þeim tilfellum innheimtir SSH sérstaklega kostnað vegna slíkra verkefna hjá aðildarsveitarfélögum.

Frá árinu 2014 hefur markvisst verið unnið að eflingu og styrkingu upplýsingakerfa SSH. Sérstök gagnagátt er í rekstri þar sem rafræn skjöl vegna funda stjórnar, svæðisskipulagsnefndar og annarra nefnda og starfshópa eru aðgengileg viðkomandi aðilum. Strætó bs. og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafa einnig nýtt sér þessa gagnagátt fyrir sína starfsemi. Frá árinu 2015 hafa öll mál verið skráð í rafræna málaskrá til að tryggja utnumhald og rekjanleika. Heimasíða SSH hefur verið í stöðugri mótun, m.a. er sérstakur hluti hennar helgaður lifandi gagnagrunni um tölfræði höfuðborgarsvæðisins. Vefslóð [www.ssh.is/toelfraedi](http://www.ssh.is/toelfraedi)

Fundaaðstaða SSH hefur verið vel nýtt til margvíslegra funda og stendur opin fyrir alla þá verkefna- og starfshópa sem vinna að sameiginlegum verkefnum á vegum sveitarfélaganna.

**Tafla 1: Rekstur kjarnastarfsemi SSH 2014 – 2017**

	2014	2015	2016	Áætlun 2017
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Árgjöld aðildarsveitarfélaga .....	6,262	8,451	8,545	9,700
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga .....	24,434	25,192	27,537	30,000
Aðrar tekjur .....	1,639	1,639	1,639	1,600
	<u>32,335</u>	<u>35,282</u>	<u>37,721</u>	<u>41,300</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	17,628	20,080	25,099	25,000
Húsnæðiskostnaður .....	5,425	4,778	4,788	5,500
Skrifstofa, uppl.kerfi, fundakostn. ofl. ....	8,516	9,235	8,157	9,000
	<u>31,569</u>	<u>34,093</u>	<u>38,044</u>	<u>39,500</u>
Hlutdeild sv.sk.lags /sóknaaráætlunar	(5,000)	(6,000)	(6,000)	(6,000)
Nettó rekstur skrifstofu .....	<u>26,569</u>	<u>28,093</u>	<u>32,044</u>	<u>33,500</u>
Niðurstaða f. verkefnakostnað	5,766	7,189	5,677	7,800
Verkefnakostnaður .....	8,879	4,946	6,434	8,100
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði .....	(3,113)	2,243	(757)	(300)
	<u>195</u>	<u>219</u>	<u>421</u>	<u>300</u>
Fjármagnsliðir:				
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins .....</b>	<u>(2,918)</u>	<u>2,462</u>	<u>(336)</u>	<u>0</u>

# Verkefni SSH 2014 – 2017

## Samantekt - Fjölbreytt verkefnaflóra

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum sem SSH hefur annast og séð um á sl. 4 árum.

### Skipulag og samgöngur

- Nýtt svæðisskipulag – ný vatnsvernd.
- Fjögurra ára þróunaráætlun.
- Efling almenningssamgangna – 10 ára tilraunaverkefni.
- Sviðsmyndagreining og undirbúningur vegna Borgarlínu.
- Byggðapróun og húsnæðismál.
- Gagnagrunnur vegna uppbyggingaráforma – lóðaframboð.
- Samstarf við ríkið vegna aðgerða í húsnæðismálum.
- Verkefni tengd framtíðarsýn höfuðborgarsvæðisins, leiðarljósum og markmiðum:
  - Þétting byggðar og aukin hlutdeild almenningssamgangna – undirbúningur að innleiðingu Borgarlínunnar.
  - Aukin samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins „Location Reykjavík Capital Area“
  - Tölfræði höfuðborgarsvæðisins – Gagnagrunnur SSH

### Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins

- Mótun og úrvinnsla sóknaráætlunarverkefna á grundvelli fjárveitingar 2013 og 2014.
- Mótun heildaráætlunar og stefnumiða sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015-2019 og mótun og framkvæmd sérgreindra verkefna sem byggð eru á framtíðarsýn og leiðarljósum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

### Rekstur byggðasamlaga og skíðasvæða

#### Byggðasamlögin:

- Virkjun eigendastefnu og eigendavettvangs Strætó bs. og SORPU bs.
- Rekstrarúttekt byggðasamlaganna.
- Undirbúningur gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU bs. – viðræður um aukið samstarf og samvinnu sorpsamlaga á suðvesturhorninu.

#### Rekstur skíðasvæðanna:

- Nýr samstarfssamningur um rekstur skíðasvæðanna, nýtt stjórnar- og rekstrarfyrirkomulag.
- Undirbúningur að ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag, staðsetningu og uppbyggingu snjóframleiðslu og styrkingu á innviðum skíðasvæðanna.

### Ferðaþjónusta fatlaðs fólks

- Nýr samningur um samstarf sveitarfélaganna um rekstur á ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk í umsjón Strætó bs.

### Þverfaglegt samstarf; Samstarfshópar og nefndir

- Viðvarandi nefndir og samráðshópar
- Tímabundnir verkefnahópar

# Framvinda frá 2014

## Skipulag og samgöngur

Undirbúningur að gerð nýs svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið hófst síðla árs 2011 og í ágúst 2012 undirrituðu sveitarfélögin samkomulag um að hefjast handa. Samhliða var unnið að gerð nýrrar vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið. Í lok árs 2012 var svæðisskipulagsstjóri ráðinn til starfa.

Verkefni tengd skipulagi og samgöngum voru fyrirferðarmest í starfi SSH á liðnum 4 árum. Þar ber hæst lokavinnu við mótun og staðfestingu á nýju svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið 2015-2040. Samhliða var einnig lokið við nýja skilgreiningu á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið. Formleg staðfesting á hvorutveggja var gerð 29. júní 2015. Í framhaldinu hefur svo verið unnið að móta tillögur um legu Borgarlínu og greiningu á nauðsynlegum framkvæmdum á stofnvegakerfinu. Sú vinna stendur enn yfir.

Tímalína verkefna vegna ofangreindra þátta á árunum 2014-2017 var sem hér segir:

### 2014

- Lokaferli við mótun nýs svæðisskipulags sem hófst á árinu 2012. Fullmótuð tillaga að nýju svæðisskipulagi var tilbúin skömmu fyrir sveitarstjórnarkosningar 2014, en talið rétt að bíða með fullnaðarafgreiðslu og staðfestingu hennar fram yfir kosningar.

### 2015

- Nýtt svæðisskipulag, „Höfuðborgarsvæðið 2040“ staðfest og samhliða staðfest ný vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Tímamótasamningur við Vegagerðina um samstarf vegna þróunar samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við nýtt svæðisskipulag.
- Vinna hafin við gerð 4 ára þróunaráætlunar.
- Ítarleg sviðsmyndagreining mismunandi kosta við þróun byggðar og samgangna.
- Vinnustofa með Jarrett Walker, bandarískum sérfræðingi í almenningssamgöngum.

### 2016

- Sérstakur fundur um almenningssamgöngur í maí – upptaktur fyrir undirbúningsvinnu vegna Borgarlínu, nýs hágæða almenningssamgangnakerfis fyrir höfuðborgarsvæðið. Leitað til erlends ráðgjafa til að vinna að nauðsynlegum greiningum og mótun legu línunnar í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.
- Kynnisferð til Evrópu og Ameríku í september.
- Tímabundin ráðning verkefnisstjóra.
- Samkomulag sveitarfélaganna á aðalfundi í byrjun desember um undirbúning að innleiðingu Borgarlínunnar í svæðisskipulag.

### 2017

- Samkomulag við SRN um heildarúttekt á samgöngumannvirkjum á höfuðborgarsvæðinu sem fyrsta upplegg í viðræðum við ríkið um formlega aðkomu að uppbyggingu Borgarlínunnar.
- Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna innleiðingar á Borgarlínu í skipulagi sveitarfélaganna samþykkt af aðildarsveitarfélögunum.

Á heimasíðu er að finna yfirgripsmiklar upplýsingar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og mótun Borgarlínunnar. Vefslóðir [www.ssh.is/svaedisskipulag](http://www.ssh.is/svaedisskipulag) og [www.ssh.is/borgarlinan](http://www.ssh.is/borgarlinan).

## Byggðapróun og húsnæðismál

Við móttun svæðisskipulags var unnin grunnur að uppbyggingu húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu til langrar framtíðar, sem nýttur var við keyrslu umferðarspáa. Horfið var frá kvótastýrðri húsnæðisuppbyggingu í nýju svæðisskipulagi, þess í stað eiga fjögurra ára þróunaráætlanir að draga fram þörf fyrir húsnæðisuppbyggingu yfir skemmra tímabil og leggja mat á hvort áform sveitarfélagana séu í takt við hana.

Við gerð fyrstu fjögurra ára þróunaráætlunar vorið 2015 var unnið sérstakt mat á stöðu húsnæðismarkaðarins. Þar kom fram að skortur væri á íbúðahúsnæði um ríflega 1.200 íbúðir og miðað við áform sveitarfélaga væri jafnvægi ekki komið á húsnæðismarkaðinn fyrr en árið 2020. Unnið var nýtt stöðumat á vormánuðum 2017 og um leið stuðlað að samræmdri skráningu meðal bygginga- og skipulagsfulltrúa sveitarfélaga. Stöðumatið var lagt fram í vinnu velferðaráðuneytisins að nýjum húsnæðissáttmála.

Á tímabilinu hefur einnig verið unnið að setja upp tölfræðikortagrunn sem byggir að stórum hluta á upplýsingum frá Þjóðskrá um lýðfræði og húsnæðismál. Grunnurinn er uppfærður árlega.

Tímalína verkefna vegna ofangreindra þátta á árunum 2014-2017 var sem hér segir:

### 2014

- Unnið að uppbyggingargrunni fyrir umferðarspár nýs svæðisskipulags.

### 2015

- Fyrsta fjögurra ára þróunaráætlun unnin. Mat lagt á stöðu húsnæðismarkaðarins og þörf á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis m.t.t. spár um fjölgun íbúa.
- Þróunarvinna með Þjóðskrá um úrvinnslu gagna og framsetningu á kortagrunn.

### 2016

- Sérstakur tölfræðivefur settur upp á heimasíðu SSH.
- Mannfjöldaspá endurnýju m.t.t. uppfærslu spár Hagstofunnar.

### 2017

- Nýtt mat á stöðu húsnæðismarkaðarins.
- Uppfærsla uppbyggingaáformum sveitarfélaga, samræming á skráningu embætta skipulags- og byggingafulltrúa.
- Þátttaka í vinnu velferðaráðuneytisins að móttun húsnæðissáttmála.
- Þátttaka í framfylgd verkefna húsnæðissáttmálans.

Á heimasíðu SSH er sérstakur kafli helgaður tölfræði höfuðborgarsvæðisins þar sem unnt er að draga fram ítarlegar lýðfræðilegar upplýsingar fyrir svæðið og einstök sveitarfélög, um þróun byggðar, samsetningu byggðar skipt niður á einstök svæði o.fl. Vefslóð [www.ssh.is/tolfraedi](http://www.ssh.is/tolfraedi)

## Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins er ein af átta sóknaráætlunum landshluta, og er unnin á grundvelli samnings ríkisins og SSH sem gerður var í febrúar 2015.

Upphaf sóknaráætlana landshluta er þó eldra og á rætur sínar í átakinu “Ísland 2020” sem sett var í gang í kjölfar hruns. Á árunum 2010-2012 fór talsverð vinna í að ræða og móta með hvaða hætti væri unnt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga í áætlanagerð og að tryggja betri og markvissari nýtingu þeirra fjármuna sem einstök ráðuneyti voru að veita til verkefna í héraði, og færa um leið aukið forræði og sjálfstæði til ákvörðunartöku til heimamanna. Höfuðborgarsvæðið hafði þá, og hefur enn talsverða sérstöðu í þessum efnum, þar sem verkefnið snerist að miklu leyti um fjármuni vegna vaxtarsamninga, fjárveitingar til atvinnuþróunarfélaga og menningarsamninga sem gerðir höfðu verið við aðra landshluta. Slíkir samningar hafa aldrei verið gerðir við höfuðborgarsvæðið.

Ákveðið var að fella þessa sérgreindu samninga undir einn hatt sóknaráætlunar, en að auki kæmi viðbótarfjármagn til að gera landshlutunum kleift að takast á við aukin verkefni.

Höfuðborgarsvæðið var tekið með í þessa vinnu og hefur frá árinu 2013 fengið hlutdeild í því viðbótarfjármagni sem sett var í leik vegna sóknaráætlana landshluta.

Raunveruleg vinna við sóknaráætlanir landshluta hófst síðan á árinu 2013, þegar fyrir lá skilgreining á verklagi og samskiptum ríkisins og landshlutanna, og fjárveiting á fjárlögum fékkst til verkefna.

Hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í fjárveitingu ársins 2013 nam liðlega 70 m. króna af þeim 400 m. króna sem sem veittar voru sem nýtt fjármagn inn í sóknaráætlanir landshluta. Síðan þá hefur höfuðborgarsvæðið fengið 20 – 25 m. króna árlega úr ríkissjóði til sérgreindra sóknaráætlunarverkefna.

Strax árið 2013 var ákveðið að við val verkefna yrði fyrst og fremst horft til þeirrar framtíðarsýnar sem svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins byggir, og þá einkum til þriggja leiðarljósa sem þar er að finna, þ.e.

- Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins
- Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi
- Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni

Í samkomulagi ríkis við landshlutasamtök sveitarfélaga um gerð sóknaráætlana er áskilið að myndaður sé sérstakur samráðsvettvangur um val og mótun þeirra verkefna sem unnin eru á grundvelli samningsins. Á vegum SSH var í upphafi vegna mótunar verkefna fyrir árið 2013 kallað saman sértakt ráðgjafaráð í lok árs 2012 sem dró upp mjög skýra mynd af þeim áherslum sem taldar voru mikilvægastar fyrir höfuðborgarsvæðið, þ.e. samstarf, skipulag og samgöngur.

Í kjölfar 5 ára samnings um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2019 var mótaður nýr samstarfsvettvangur sem hefur í tvígang verið kallaður saman til ráðgjafar vegna mótunar sóknaráætlunarverkefna.

Á heimasíðu SSH er að finna ítarlegar upplýsingar um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins og verkefni sem unnin hafa verið undir hatti sóknaráætlunarinnar. Vefslóð [www.ssh.is/soknaraaetlun](http://www.ssh.is/soknaraaetlun)

Meginlínur í vinnu á vegum SSH við sóknaráætlunarverkefni frá árinu 2014 hafa verið sem hér segir:

#### 2014

- Talsverð verkefnavinna sem byggðist á fjármagni úr úthlutun ársins 2013.
- Takmörkuð fjármögnun 2014, og óvissa um framhald verkefnisins í kjölfar ríkisstjórnarskipta.

#### 2015

- Sóknaráætlanir landshluta festar í sessi með 5 ára samningi í febrúar – loksins hægt að vinna verkefnaáætlunir sem taka til meira en eins árs í senn. Sterkari fókus í verkefnavali, 5 ára verkefnaáætlun sett fram, byggð á framtíðarsýn höfuðborgarsvæðisins og leiðarljósum í nýju svæðisskipulagi. Áhersla á verkefni tengd samgöngumálum og Borgarlínu, samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og gagnagrunni SSH.

#### 2016

- Áfram unnið á sama grunni, meginþungi á samgöngumál og Borgarlínu.

#### 2017

- 4 verkefni í vinnslu – lokaáfangi vegna Borgarlínu – markaðssetning höfuðborgarsvæðis, samstarf við Íslandsstofu og sérstakur samningur við SI vegna GERT verkefnisins.

**Tafla 2: Yfirlit yfir sóknaráætlunarverkefni á vegum SSH 2013-2017**

Verkefni	2013	2014	2015	2016	2017 1)	Samtals
Hagkerfi höfuðborgarsvæðisins	1,322	8,466				9,788
Nýsköpun	7,959	7,406				15,365
Skattalegt umhverfi	763	1,981				2,744
Framtíð samgangna	10,055	215				10,270
Ferðaþjónusta	1,833	3,290				5,123
Skapandi greinar og græna hagkerfið	1,695	2,284				3,979
Vísindagarðar og þekkingargreinar	775	2,089				2,864
Lítill og meðalstór fyrirtæki	2,006	1,724				3,730
Vörumerkið Reykjavík og markaðssetning	1,983	5,881				7,864
Gæði skólastarfs ofl.	9,581	7,330				16,911
Borgarlína	0	3,563	13,681	17,586	48,000	82,830
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	0	0	3,127	6,521	6,000	15,648
Markaðssetning gagnvert erlendum fjárfestum	0	0	3,117	9,580	6,000	18,697
GERT - Aukin þekking á tækninámi i grunnskólum					2,000	
Annar verkefnakostnaður	2,387	1,264	1,000	1,041	1,500	7,192
<b>Heildarkostn. v. sóknaráætl.verkefna 2013-2017</b>	<b>40,359</b>	<b>45,493</b>	<b>20,925</b>	<b>34,728</b>	<b>63,500</b>	<b>203,005</b>
<b>FJÁRMÖGNUN VERKEFNA:</b>						
Framlög Ríkissjóðs	40,359	39,489	20,925	32,855	25,500	159,128
Framlög SSH og sveitarfélaganna	0	6,004	0	1,873	36,000	43,877
<b>Samtals</b>	<b>40,359</b>	<b>45,493</b>	<b>20,925</b>	<b>34,728</b>	<b>61,500</b>	<b>203,005</b>

1) Tölur ársins 2017 eru áætlaðar

## Byggðasamlögin

Í kjölfar sérstakrar stjórnsýsluúttektar á árinu 2011 á stöðu byggðasamlaganna innan stjórnsýslu sveitarfélaganna var samþykkt sérstök eigendastefna á árinu 2013 fyrir byggðasamlögin Strætó bs. og SORPU bs., þar sem formlegur eigendavettvangur var skilgreindur. Handhafar eigendavalds eru þar tilgreindir og settar fram skilgreiningar á stöðu stjórnna og framkvæmdastjóra byggðasamlaganna gagnvart eigendum. Samkvæmt samþykktri eigendastefnu er gert ráð fyrir að sameiginleg umræða eigenda um málefni þessara byggðasamlaga fari fram á eigendafundum sem á sitja handhafar eigendavalds byggðasamlaganna, stjórnir þeirra og framkvæmdastjórar. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna eru handhafar eigendavalds og eigendavettvangurinn er vistaður hjá SSH. Ekki hefur verið mótuð eigendastefna né eigendavettvangur fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Frá því þetta fyrirkomulag tók gildi hafa á vettvangi SSH árlega verið haldnir reglulegir eigendafundir Strætó bs. og SORPU bs. að hausti vegna mótunar meginforsenda fjárhagsáætlunar þeirra, sem og tilfallandi aðrir eigendafundir vegna sértækra mála sem upp hafa komið og kallað hafa á samtal og ákvarðanir á eigendavettvangi þeirra. Vefslóð [www.ssh.is/byggdasamlog](http://www.ssh.is/byggdasamlog)

### 2014

- Eigendastefna og eigendafundir byggðasamlaganna
  - Eigendavettvangur byggðasamlaganna, settur á laggirnar í kjölfar stjórnsýsluúttektar 2012, staðfest af aðildarsveitarfélögunum á vormánuðum 2013
  - Sérstakir eigendafundir haldnir í samræmi við ákvæði eigendastefnunnar, reglubundnir fundir að hausti vegna fjárhagsáætlana, tilfallandi fundir þess á milli ef þurfa þótti.
- Rekstrarúttekt byggðasamlaganna
  - Tillaga frá stjórn SSH í nóvember 2014 til eigendavettvangs og stjórnna byggðasamlaganna um að setja í gang úttekt á rekstri þeirra til að kanna allar leiðir til hagræðingar og skilvirkari þjónustu. Undirbúningur að skipun stýrihóps og vali á ráðgjafa til verksins.

### 2015

- Vinna við rekstrarúttekt hófst í febrúar, komin í gang af fullum þunga um mitt ár. Tafir á verkefninu vegna aðkomu ráðgjafans að flóknum úrlausnum vegna ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Fyrstu niðurstöður og greiningar á mögulegum aðgerðum vegna Strætó bs. og SORPU bs. kynntar stýrihópi verkefnisins,

### 2016

- Áfram unnið við frekari greiningar - tillögur ráðgjafa mótast, fundað með stýrihópi verkefnisins, stjórn SSH, kynning fyrir stjórnnum byggðasamlaganna og lagt fyrir á eigendafundi byggðasamlaganna að rekstraráætlanir fyrir árið 2017 verði að endurspegla og taka mið af fyrirliggjandi tillögum ráðgjafa

### 2017

- Sérstakir eigendafundir með stjórnnum byggðasamlaganna – mótaðar tillögur ráðgjafa yfirfarnar og stjórnnum og framkvæmdastjórum falið að setja fram tímasettar tillögur um innleiðingu aðgerða til að ná fram hagræðingu á grunvelli niðurstöðu ráðgjafa.



## Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

### 2017

- Nýr samstarfssamningur sveitarfélaganna mótaður, undirritaður í nóvember 2016. Helstu breytingar sem gerðar voru fólust í eftirfarandi þáttum:
  - Samstarfsnefnd í staðinn fyrir stjórn skíðasvæðanna, stjórnsýsluleg staða nefndarinnar skilgreind og eigendavettvangur skíðasvæðanna kom inn sem nýr þáttur, sömu aðilar og mynda stjórn SSH mynda jafnframt eigendavettvangur skíðasvæðanna.
  - Breyting á rekstrarfyrirkomulagi og stjórnsýslu skíðasvæðanna. Samkomulag um að ÍTR annist og geri ábyrgð á daglegum rekstri. Starfmenn skíðasvæðanna heyra undir sviðsstjóra ÍTR.
  - Verkefnahópur settur í gang til að undirbúa mótun stefnu um framtíðarstaðsetningu skíðasvæðanna og undirbúning að snjóframleiðslu. Lykilatriði að fyrir liggi endanlegt áhættumat vatnsverndar vegna reksturs skíðasvæðis í Bláfjöllum.

## Ferðapjónusta fatlaðs fólks

Í tengslum við „Hugmyndasmiðju SSH“ í apríl 2011 var ákveðið að skoða möguleika á auknu samstarfi sveitarfélaganna við rekstur ferðapjónustu fyrir fatlað fólk. Sérstakur verkefnahópur skilaði tillögu með mati á mögulegri hagræðingu og styrkingu þjónustunnar með sameiginlegum rekstri sveitarfélaganna á þessari þjónustu.

Í kjölfarið samþykktu sveitarfélögin að setja í gang undirbúning að sameiginlegu útboði þjónustunnar og mótun sameiginlegra reglna. Sérstakur undirbúningshópur vann að þessu verkefni á árunum 2012 og 2014. Á síðustu stigum þessa undirbúningsferlis var ákveðið að fela Strætó bs. umsjón og umsýslu með verkefninu undir stjórnslulegri ábyrgð velferðarsviða sveitarfélaganna. Strætó bs. myndi annast rekstur sameiginlegs þjónustuborðs og bjóða út allan akstur. Allar ákvarðanir um þjónustuskilgreiningar gagnvart notendum yrðu unnar á vettvangi velferðarsviðanna.

### 2014

- Nýtt samkomulag sveitarfélaganna um rekstur sameiginlegra ferðapjónustu fyrir fatlað fólk undirritað í apríl. Ábyrgð verkefnisins falið forstöðumönnum velferðarsviða, en Strætó bs. falið að annast rekstur þjónustuværs og bjóða út akstur í samræmi við þjónustuskilgreiningar velferðarsviða sveitarfélaganna og lög um málefni fatlaðs fólks.

### 2015

- Akstur á vegum Strætó bs. og verktaka hófst 1. janúar. Umtalsverðir byrjunarörðugleikar og vandamál komu upp og ljóst að talsvert skorti á samstillingu aðila áður en verkefnið fór af stað. Unnið var allt árið við að takast á við vandamálin, m.a. undir hatti sérstakrar tímabundinnar stjórnar og málefni ferðapjónustunnar voru talsvert inni á borði stjórnar SSH allt það ár.

### 2016

- Nokkuð góð festa var komin á málið um mitt ár. Gengið var frá skýrri skilgreiningu á ábyrgðarsviði og verkaskiptingu milli velferðarsviða annars vegar og Strætó bs. hins vegar. Talsverð vinna ráðgjafa við að yfirfara skráningar en ljóst að kostnaður við verkefnið var nokkuð meiri en ráð var fyrir gert og dreifing kostnaðar milli sveitarfélaga að einhverju marki með öðrum hætti en vænst hafði verið.

### 2017

- Tiltekin vandamál komu upp hjá hluta akstursaðila. Vísending um að þörf sé á að fara strax að skoða ítarlega reynslu af verkefninu og móta hugmyndir að framtíðar fyrirkomulagi þjónustunnar þegar kemur að nýju útboði við lok núverandi samningstíma við verktaka.

## Samstarfs- og verkefnahópar

Samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur m.a. einkennst af starfi ýmissa samstarfs- og verkefnahópa og nefnda sem unnið hafa á vettvangi SSH. Þessir hópar eru ýmist viðvarandi eða settir á laggirnar til að takast á við tímabundin verkefni.

### Formlegar nefndir:

#### **Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins**

Svæðisskipulagsnefndin byggir á ákvæðum skipulagslaga og er skipuð 2 fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi.

#### **Skólamálanefnd SSH**

Nefndina skipa fræðslustjórar aðildarsveitarfélaganna að Kjósarhreppi undanskildum. Hún starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á sviði fræðslumála.

### Viðvarandi samstarfshópar:

Samstarfshópur velferðarsviða

Stýrihópur vatnsverndar og vatnsnýtingar

Fagráð svæðisskipulags

### Tímabundir samstarfs- / verkefnahópar:

Stýrihópur rekstrarúttektar byggðasamlaganna

Hólreiðahópur SSH og Vegagerðarinnar

Verkefnahópur vegna endurskoðunar á rekstri endurvinnslustöðva

Tækni- og samgönguhópur vegna svæðisskipulags og Borgarlínu